Hörð menningarbarátta

Afstaðan til kommúnismans var eitt harðasta deilumál á Íslandi allt frá rússnesku byltingunni 1917 og til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991. Kommúnistar og vinstri sósíalistar voru aðsópsmiklir í íslensku menningarlífi, en áttu sér líka einbeitta andstæðinga.

Fórnarlömb, böðlar – og leikarar



Áheyrendur að sýndarréttarhöldum yfir Nikolaj Búkharín og fleiri í Moskvu í mars 1938. Halldór K. Laxness er í hópnum (aftarlega til hægri).

Samkvæmt *Svartbók kommúnismans* er talið að um eitt hundrað milljón manns hafi týnt lífi af völdum kommúnismans á tuttugustu öld. Sum fórnarlömb kommúnismans tengdust Íslandi, en líka sumir böðlanna.

Mynd á forsíðu: Undir mynd af Lenín: Ungir kommúnistar á Siglufirði í september 1930. Fjórir þeirra hlutu síðar byltingarþjálfun í Moskvu, Ásgeir Bl. Magnússon, Þóroddur Guðmundsson, Steingrímur Aðalsteinsson og Kristján Júlíusson.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Ágúst 2013

Texti: Hannes Hólmsteinn Gissurarson.
Hönnun sýningar: Sögumiðlun ehf.

Heimskommúnisminn og Ísland



Sýning í Þjóðarbókhlöðu
23. ágúst-16. september 2013

RNH Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt
AECR
Varðberg.is
HA Alþjóðamálastofnun Rannsóknasetur um smáríki Rannsóknasetur um norðurslóðir

Miklar upplýsingar frá upphafi

Þótt ákafar deilur stæðu lengi um stjórnarfarið í kommúnistaríkjunum, fengu Íslendingar snemma ýmsar upplýsingar um kúgunina og eymdina þar.

Komintern og Íslendingar



Ungir fulltrúar á þingi Kominterns í Moskvu 1920. Hendrik Ottósson og Brynjólfur Bjarnason standa lengst t. h.

Íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar voru í tengslum við Komintern, alþjóðasamband kommúnista, frá 1920, uns það var lagt niður 1943. Yfirlýst markmið Kominterns var heimsbylting.

Eftirsóttar boðsferðir og námsdvalir



Íslendingar á heimsmóti æskunnar í Austur-Berlín 1951.

Kommúnistaríkin buðu oft gestum frá Íslandi í ferðir og á fundi, jafnvel til náms. Tekið var á móti gestum af mikilli rausn. Þótt þeir yrðu oft varir við kúgunina og eymdina, þögðu þeir flestir um hana, þegar heim var komið.

Rússagull, byltingarþjálfun og njósnir



Einar Olgeirsson hitti í Moskvu 1931 fimm Íslendinga, sem voru þar í byltingarþjálfun. Frá v.: Eyjólfur Árnason, Jens Figved, Einar Olgeirsson, Andrés Straumland, Þóroddur Guðmundsson og Jafet Ottósson.

Íslenskir kommúnistar og síðar sósíalistar fengu fjárstyrki frá kommúnistaríkjunum allt frá 1920 og til að minnsta kosti 1972. Um tuttugu Íslendingar hlutu byltingarþjálfun í Moskvu. Ráðstjórnin stundaði einnig njósnir á Íslandi, eins og fleiri.

Íslenskir andófsmenn

Saga íslensku kommúnistahreyfingarinnar er í senn saga vona og vonbrigða. Margir hurfu úr hreyfingunni og tóku jafnvel upp andóf eða baráttu gegn henni.

Óeirðir og götubardagar



Götubardagi á Akureyri 14. mars 1933 (Nóvuslagurinn). Kommúnistar höfðu þar sigur, enda var lögregla staðarins fáskipuð.

Kommúnistar klufu sig út úr Alþýðuflokknum 1930, af því að þeir vildu ekki hafna ofbeldi afdráttarlaust eins og jafnaðarmenn gerðu. Hér eins og í öðrum löndum skipulögðu þeir óeirðir og götubardaga.